

Alþingi
Erindi nr. P 141/1621
komudagur 17.2.2013

Það hefur verið töluverð umræða um það uppá síðkastið að banna ýmsar útgáfur af tóbaki og þar á meðal íslenska neftóbakinu sem er 90% notað sem munntóbak.

Ég hef reykt sjálfur í hartnær 9 ár og ítrekað reynt að hætta en ávallt byrjað aftur eftir einhvern tíma, hef prófað allar mögulegar aðferðir ásamt lyfjum tilgerðum til að hætta reykingum og ekkert dugði til. Svo kynntist ég sænsku munntóbaki, ég prófaði að skipta yfir í það eftir að kunningi minn kom því til Íslands fyrir mig og ég get ekki sagt annað en að þetta hafi breytt lífi mínu til hins betra.

Ég reykti hátt í 15-20 sígarettur á dag, en við það að skipta yfir í sænskt munntóbak í pokum, þá breyttist neyslumynstrið mitt á tóbaki frá þessum 15-20 sígarettum á dag yfir í það að fá mér 1-3 poka á dag. Munurinn á nikótín inntöku er töluverður ásamt því hvað munntóbakið hefur ekki jafn hrikaleg áhrif á heilsuna mína, ég finn hvernig hlaupapolið mitt er loksins að koma til baka því að sígaretturnar gjörsamlega gerðu útaf við allt þol.

Nú hafa bæði innlendir OG erlendir læknar ítrekað sagt að þeim þykir munntóbak vera margfalt betri kostur en reykingatóbak vegna þess hversu mun minni áhrif á fólk.

Einn helsti talsmaður sænsks munntóbaks sem skárri kosts en annars tóbaks er Karl Fagerstrom (http://www.grand2012.org/review_process_2012/KarlFagerstrom.asp) en hann er læknir sem hefur stundað miklar rannsóknir á nikótíni og fékk árið 1999 verðlaun frá World Health Organization fyrir framúrskarandi árangur í rannsóknum á tobacco control, auk þess að vera einn af mönnum bakvið þróun á nikótín tyggjói.

Hér er frétt frá Guardian varðandi sænskt munntóbak -

<http://www.guardian.co.uk/commentisfree/2012/oct/29/sweden-smokers-option-snus>

Nokkrar stiklur úr fréttinni:

"In Sweden, ex-smokers have another option: Snus, small bags of moist tobacco that are placed under your top lip. Consumed in Scandinavia since the mid-19th century, the popularity of Snus rose significantly from the 1970s onwards, as people became increasingly aware of the dangers of smoking. The proportion of male smokers fell dramatically from 40% in 1976 to just 15% in 2002. Almost a third of ex-smokers used Snus when quitting, and those who did were about 50% more likely to succeed."

"There are plenty of indicators that the switch from cigarettes to Snus in Sweden has resulted in substantial health benefits. Sweden now has the lowest rate of tobacco-related diseases in Europe and the world's lowest rate of lung cancer in males. While using Snus is still highly addictive, it is widely held to be between 95% and 99% less harmful than smoking."

Þeir sem nota snus til að hætta reykja eru 50% líklegri til að takast það ásamt því að sviþjóð státar af lægsta hlutfalli tóbakstengdra sjúkdóma og lægsta hlutfalls lungnakrabbameins í karlmönnum.

Going Smokeless í 60 minutes - <http://www.cbsnews.com/video/watch/?id=6362540n> þar sem er rætt við Fagerstrom ásamt öðrum.

Fyrir utan það að sænskt munntóbak þarf að uppfylla ströng matvæskilyrði þar sem það er flokkað sem matvara í Sviþjóð.

Ég vona innilega að þið gefið ykkur tíma til að lesa yfir þetta allt og sjá hversu jákvæður kostur það væri að lögleiða innflutning á sænsku munntóbaki, það er vafalaust mun betri kostur en það að Íslendingar reyki eða noti íslenskt nefntóbak í vörina. Auk þess fannst mér setning frá íslenskum lækni lýsa þessu ágætlega, að banna sænskt munntóbak en leyfa reykingar og íslenskt munntóbak væri eins og að banna allt áfengi sem væri með einhverskonar bragði í.

Með kærri kveðju,
Ólafur Nils Sigurðsson